

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps**  
**vegna verslunar og þjónustu í Skælu.**

Skipulagsstofnun staðfesti 15. desember 2020 breytingu á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 7. september 2020.

Í breytingunni felst að um 10 ha landbúnaðarsvæði nyrst á Þengilhöfða sunnan Grenivíkur er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu (209VÐ) þar sem áformuð er uppbygging hótels.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 15. desember 2020.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2021